



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 18. maí 2021

R21040135

1221; kaup,

Borgarráð

Lambhagavegur 8 – úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Brimgörðum ehf., kt. 591103-2610, Sundagörðum 10, 104 Reykjavík, um 5.707 fermetra lóð að Lambhagavegi 8, 113 Reykjavík, auk 3.391 fermetra byggingarrétti ofanjarðar. Gatnagerðargjald m.v. 3.391 fermetra byggingar ofanjarðar er 76.602.690 kr. Greitt er fyrir byggingarréttinn 69.515.500 kr.

Heildargreiðsla fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld er 146.118.190 kr. og er gjalddagi greiðslunnar 45 dagar frá úthlutun borgarráðs.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út. Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu, heimlagngjöld og önnur gjöld eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. gr. 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs. Athygli er einnig vakin á því að stærð og lega lóðarinnar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf. Lóðarhafi getur ekki skilað lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðarleigusamningur verður gerður þegar lóðin hefur verið greidd og geymir hann nánar stærð lóðar og kvaðir á henni. Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013 og gildandi deiliskipulag. Lóðaskilmálarnir eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari